

AUGLÝSING

um gildistöku samnings um opna lofthelgi.

Samningur um opna lofthelgi, sem gerður var í Helsinki 24. mars 1992, öðlaðist gildi 1. janúar 2002, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 33/1995 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 25. janúar 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um gildistöku valfrjálsrar bókunar við samning um réttindi barnsins, um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám.

Valfrjáls bókun við samning um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989, um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám, sem gerð var í New York 25. maí 2000, öðlaðist gildi 18. janúar 2002, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1992, 2/2000, 28/2001, þar sem bókunin er birt, og 35/2001.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 25. janúar 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 15. febrúar 2002 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á gerð ráðsins frá 16. október 2001, um gerð bókunar við samninginn um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins frá 29. maí 2000, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000, þar sem samningurinn er birtur, og 17/2001 þar sem gerð um að koma á samningnum um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins er birt. Tilkynnt verður um gildistöku breytingarinnar síðar.

Gerðin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 25. febrúar 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.**GERÐ RÁÐSINS
frá 16. október 2001**

um gerð bókunar við samninginn um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, í samræmi við 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. (2001/C 326/01)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,
með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum a-lið 31. gr. og d-lið 2. mgr. 34. gr.,

með hliðsjón af frumkvæði lýðveldisins Frakklands¹,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins²,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til þess að ná markmiðum Evrópusambandsins er rétt að endurbæta reglur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins og, í þeim tilgangi, gera bókun þá sem fram kemur í viðaukanum.
- 2) Ákvæði 8. gr. bókunarinnar falla undir gildisvið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna³.
- 3) Málsmeðferðin, sem lýst er í samningnum sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna⁴, hefur verið virt með tilliti til þessa ákvæðis.
- 4) Þegar lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur fá tilkynningu um samþykkt þessarar gerðar í samræmi við a-lið 2. mgr. 8. gr.

**COUNCIL ACT
of 16 October 2001**

establishing, in accordance with Article 34 of the Treaty on European Union, the Protocol to the Convention on Mutual Assistance in Criminal Matters between the Member States of the European Union (2001/C 326/01)

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,
Having regard to the Treaty on European Union, and in particular Articles 31(a) and 34(2)(d) thereof,

Having regard to the initiative of the French Republic¹,

Having regard to the opinion of the European Parliament²,

Whereas:

- 1) For the purposes of achieving the objectives of the Union the rules on mutual assistance in criminal matters between the Member States of the European Union should be improved and a Protocol, as set out in the Annex hereto, should be established to that end.
- 2) Article 8 of the Protocol falls within the scope of Article 1 of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the latters' association with the implementation, application and development of the Schengen acquis³.
- 3) The procedures set out in the Agreement concluded by the Council of the European Union with the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the latters' association with the implementation, application and development of the Schengen acquis⁴ have been observed in respect of this provision.
- 4) When the adoption of this Act is notified to the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway in accordance with Article 8(2)(a) of

1 Stjtið. EB C 243, 24.8.2000, bls. 11.

2 Álit var skilað 4. október 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

3 Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

4 Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

1 OJ C 243, 24.8.2000, p. 11.

2 Opinion delivered on 4 October 2001 (not yet published in the Official Journal).

3 OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.

4 OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.

framangreinds samnings verða þessi tvö ríki sérstaklega upplýst um inntak 16. gr. um gildistöku að því er Ísland og Noreg varðar.

HEFUR ÁKVEDIÐ að bókunin er hér með gerð en texti hennar fylgir með í viðaukanum og hafa fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins undirritað hana í dag,

BEINIR ÞEIM TILMÆLUM TIL aðildarríkja-anna að samþykkja hana í samræmi við viðeigandi stjórnskipuleg skilyrði sín, HVETUR aðildarríkin til þess að hefja viðeigandi málsmeðferð í því skyni fyrir 1. júlí 2002.

Gjört í Lúxemborg 16. október 2001.

Fyrir hönd ráðsins,
D. REYNDERS
forseti.

VIÐAUKI BÓKUN

sem ráðið gerir við samninginn um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins í samræmi við 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

HINIR HÁU SAMNINGSAÐILAR að bókun þessari, aðildarríki Evrópusambandsins, VÍSA TIL gerðar ráðsins frá 16. október 2001 um gerð bókunar við samninginn um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins,

TAKA TIL GREINA niðurstöður fundar leiðtogaráðsins, sem haldinn var í Tampere 15. og 16. október 1999, og þörfina á að koma þeim til framkvæmda tafarlaust í því skyni að skapa svæði frelsis, öryggis og réttlætis, HAGA Í HUGA tilmæli sérfræðinga þegar þeir lögðu fram gagnkvæmar matsskýrslur, byggðar á sameiginlegum aðgerðum ráðsins 97/827/JHA frá 5. desember 1997, þar sem ákveðin var aðferð til að meta beitingu og framkvæmd alþjóðlegra skuldbindinga innanlands í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi⁵,

ERU SANNFÆRÐIR UM að þörf sé á viðbótar-ráðstöfunum á sviði gagnkvæmrar réttaraðstoðar

the aforementioned Agreement, those two States will be informed in particular of the contents of Article 16 on entry into force for Iceland and Norway,

HAS DECIDED that the Protocol, the text of which is given in the Annex and which has been signed today by the Representatives of the Governments of the Member States of the Union, is hereby established, RECOMMENDS that it be adopted by the Member States in accordance with their respective constitutional requirements, INVITES the Member States to begin the procedures applicable for that purpose before 1 July 2002.

Done at Luxembourg, 16 October 2001.

For the Council
The President
D. REYNDERS

ANNEX PROTOCOL

established by the Council in accordance with Article 34 of the Treaty on European Union to the Convention on Mutual Assistance in Criminal Matters between the Member States of the European Union

THE HIGH CONTRACTING PARTIES to this Protocol, Member States of the European Union, REFERRING to the Council Act of 16 October 2001 establishing the Protocol to the Convention on Mutual Assistance in Criminal Matters between the Member States of the European Union,

TAKING ACCOUNT of the conclusions adopted at the European Council held in Tampere on 15 and 16 October 1999, and of the need to implement them immediately in order to achieve an area of freedom, security and justice,

BEARING IN MIND the recommendations made by the experts when presenting the mutual evaluation reports based on Council Joint Action 97/827/JHA of 5 December 1997 establishing a mechanism for evaluating the application and implementation at national level of international undertakings in the fight against organised crime⁵,

CONVINCED of the need for additional measures in the field of mutual assistance in crimi-

⁵ Stjóð. EB L 344, 15.12.1997, bls. 7.

⁵ OJ L 344, 15.12.1997, p. 7.

í sakamálum til að berjast gegn afbrotum, þ.m.t. einkum skipulagðri brotastarfsemi, peningaþvætti og efnahagsbrotum, HAFNA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI ÁKVÆÐI, sem skulu fylgja með í viðauka og vera órjúfánlegur hluti af samningnum um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins frá 29. maí 2000⁶, sem nefnist hér á eftir „samningurinn um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000“:

1. gr.

Beiðni um upplýsingar um bankareikninga.

1. Sérhvert aðildarríki skal, samkvæmt skilyrðum þessarar greinar og til að svara beiðni annars aðildarríkis, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kanna hvort einstaklingur eða lögaðili, sem sætir rannsókn vegna sakamáls, á eða ræður yfir einum eða fleiri reikningum, af hvaða tagi sem er, í banka sem staðsettur er á yfirráðasvæði þess og, ef svo er, veita allar upplýsingar um tilgreinda reikninga. Upplýsingarnar skulu einnig, ef beiðið er um þær og að því marki sem þær er hægt að láta í té innan sanngjarns tíma, taka til reikninga sem aðilinn, sem málsmeðferðin lýtur að, hefur umboð fyrir.
2. Sú kvöð, sem mælt er fyrir um í þessari grein, gildir einungis ef bankinn, sem reikningurinn er í, ræður yfir upplýsingunum.
3. Sú kvöð, sem mælt er fyrir um í þessari grein, gildir aðeins ef rannsóknin varðar:
 - afbrot sem varðar refsingu sem felst í fjálsræðissviptingu eða öryggisráðstöfun í a.m.k. fjögur ár í ríkinu, sem leggur fram beiðnina, og í a.m.k. tvö ár í ríkinu sem beiðni er beint til, eða
 - afbrot sem um getur í 2. gr. samningsins um stofnun Evrópulögreglunnar frá 1995 (Europol-samningsins), eða í viðauka við þann samning, með áorðnum breytingum, eða
 - að því marki að það heyrir ekki undir Europol-samninginn, afbrot sem um getur í samningnum um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna frá 1995, bókun við hann frá 1996 eða annarri bókun við hann frá 1997.
4. Yfirvaldið, sem leggur fram beiðnina, skal í henni:

nal matters for the purpose of the fight against crime, including in particular organised crime, money laundering and financial crime, HAVE AGREED UPON THE FOLLOWING PROVISIONS, which shall be annexed to, and form an integral part of, the Convention on Mutual Assistance in Criminal Matters between the Member States of the European Union of 29 May 2000⁶, hereinafter referred to as the “2000 Mutual Assistance Convention”:

Article 1

Request for information on bank accounts

1. Each Member State shall, under the conditions set out in this Article, take the measures necessary to determine, in answer to a request sent by another Member State, whether a natural or legal person that is the subject of a criminal investigation holds or controls one or more accounts, of whatever nature, in any bank located in its territory and, if so, provide all the details of the identified accounts. The information shall also, if requested and to the extent that it can be provided within a reasonable time, include accounts for which the person that is the subject of the proceedings has powers of attorney.
2. The obligation set out in this Article shall apply only to the extent that the information is in the possession of the bank keeping the account.
3. The obligation set out in this Article shall apply only if the investigation concerns:
 - an offence punishable by a penalty involving deprivation of liberty or a detention order of a maximum period of at least four years in the requesting State and at least two years in the requested State, or
 - an offence referred to in Article 2 of the 1995 Convention on the Establishment of a European Police Office (Europol Convention), or in the Annex to that Convention, as amended, or
 - to the extent that it may not be covered by the Europol Convention, an offence referred to in the 1995 Convention on the Protection of the European Communities' Financial Interests, the 1996 Protocol thereto, or the 1997 Second Protocol thereto.
4. The authority making the request shall, in the request:

6 Stjtið. EB C 197, 12.7.2000, bls. 3.

6 OJ C 197, 12.7.2000, p. 3.

- tilgreina af hverju það telur líklegt að upplýsingarnar, sem beðið er um, hafi efnislegt gildi fyrir markmið rannsóknar afbrotsins,
 - tilgreina á hvaða forsendum það gerir ráð fyrir að reikningurinn sé í bönkum í aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, og, að því marki sem hægt er, hvaða bankar kunna að tengjast málinu,
 - láta allar tiltækar upplýsingar fylgja sem kunna að auðvelda framkvæmd beiðninnar.
5. Aðildarríkjunum er heimilt að setja sömu skilyrði fyrir framkvæmd beiðni samkvæmt þessari grein og þau beita að því er varðar beiðnir um leit og haldlagningu.
 6. Ráðið getur ákveðið, í samræmi við c-lið 2. mgr. 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, að víkka út gildissvið 3. mgr.

2. gr.

Beiðni um upplýsingar um bankaviðskipti.

1. Að beiðni ríkisins, sem leggur fram beiðni, skal ríkið, sem beiðni er beint til, veita upplýsingar um tiltekna bankareikninga og bankaviðskipti sem átt hafa sér stað á tilteknu tímabili um einn eða fleiri reikninga sem tilteknir eru í beiðninni, að meðtöldum upplýsingum um reikninga sem fé er sent á eða móttekið frá.
2. Sú kvöð, sem mælt er fyrir um í þessari grein, gildir einungis ef bankinn, sem reikningurinn er í, ræður yfir upplýsingunum.
3. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, skal tilgreina í henni af hverju það telur að upplýsingarnar, sem beðið er um, skipti máli fyrir rannsókn afbrotsins.
4. Aðildarríkjunum er heimilt að setja sömu skilyrði fyrir framkvæmd beiðni samkvæmt þessari grein og þau beita að því er varðar beiðnir um leit og haldlagningu.

3. gr.

Beiðni um eftirlit með bankaviðskiptum.

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja, að beiðni annars aðildarríkis, að það sé fært um að hafa, um tiltekinn tíma, eftirlit með bankaviðskiptum sem eiga sér stað á tilteknu tímabili um einn eða fleiri reikninga, sem tilteknir eru í beiðninni, og senda niðurstöðurnar til aðildarríkisins sem leggur fram beiðni.

- state why it considers that the requested information is likely to be of substantial value for the purpose of the investigation into the offence,
 - state on what grounds it presumes that banks in the requested Member State hold the account and, to the extent available, which banks may be involved,
 - include any information available which may facilitate the execution of the request.
5. Member States may make the execution of a request according to this Article dependent on the same conditions as they apply in respect of requests for search and seizure.
 6. The Council may decide, pursuant to Article 34(2)(c) of the Treaty of European Union, to extend the scope of paragraph 3.

*Article 2***Requests for information on banking transactions**

1. On request by the requesting State, the requested State shall provide the particulars of specified bank accounts and of banking operations which have been carried out during a specified period through one or more accounts specified in the request, including the particulars of any sending or recipient account.
2. The obligation set out in this Article shall apply only to the extent that the information is in the possession of the bank holding the account.
3. The requesting Member State shall in its request indicate why it considers the requested information relevant for the purpose of the investigation into the offence.
4. Member States may make the execution of a request according to this Article dependent on the same conditions as they apply in respect of requests for search and seizure.

*Article 3***Requests for the monitoring of banking transactions**

1. Each Member State shall undertake to ensure that, at the request of another Member State, it is able to monitor, during a specified period, the banking operations that are being carried out through one or more accounts specified in the request and communicate the results thereof to the requesting Member State.

2. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, skal tilgreina í henni af hverju það telur að upplýsingarnar, sem beiðið er um, skipti máli fyrir markmið rannsóknar afbrotsins.
3. Ákvörðun um eftirlit skulu þar til bær yfirvöld aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, taka í hverju einstöku tilviki, að teknu viðeigandi tilliti til landslaga í því aðildarríki.
4. Þar til bær yfirvöld aðildarríkis, sem leggur fram beiðni, og aðildarríkis, sem beiðni er beint til, skulu koma sér saman um tilhögun eftirlitsins.

4. gr.

Trúnaðarkvöð.

Sérhvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að bankar upplýsi ekki hlutaðeigandi viðskiptamann bankans eða aðra þriðju aðila um að upplýsingar hafi verið sendar ríkinu, sem leggur fram beiðni, í samræmi við 1., 2. eða 3. gr. eða um að rannsókn standi yfir.

5. gr.

Upplýsingaskylda.

Telji þar til bært yfirvald aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, meðan á framkvæmd beiðni um gagnkvæma réttaraðstoð stendur, að rétt sé að hefja rannsókn, sem ekki var séð fyrir í upphafi eða sem ekki var unnt að tilgreina þegar beiðnin var lögð fram, skal það tafarlaust tilkynna yfirvaldinu, sem leggur fram beiðni, um það til að gera því kleift að grípa til frekari aðgerða.

6. gr.

Viðbótarbeiðnir um gagnkvæma réttaraðstoð.

1. Þegar þar til bært yfirvald aðildarríkis, sem leggur fram beiðni, leggur fram beiðni til viðbótar fyrri beiðni um gagnkvæma réttaraðstoð skal það ekki kafið aftur um upplýsingar sem fram komu í upphaflegu beiðninni. Í viðbótarbeiðninni skulu koma fram upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að vísa til upphaflegu beiðninnar.
2. Þegar þar til bera yfirvaldið, sem lagt hefur fram beiðni um gagnkvæma réttaraðstoð, tekur þátt í framkvæmd beiðninnar í aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, í samræmi við gildandi lagaákvæði, getur það, með fyrirvara um 3. mgr. 6. gr. samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000, lagt fram viðbótarbeiðni beint til þar til bær yfirvalds

2. The requesting Member State shall in its request indicate why it considers the requested information relevant for the purpose of the investigation into the offence.
3. The decision to monitor shall be taken in each individual case by the competent authorities of the requested Member State, with due regard for the national law of that Member State.
4. The practical details regarding the monitoring shall be agreed between the competent authorities of the requesting and requested Member States.

*Article 4***Confidentiality**

Each Member State shall take the necessary measures to ensure that banks do not disclose to the bank customer concerned or to other third persons that information has been transmitted to the requesting State in accordance with Articles 1, 2 or 3 or that an investigation is being carried out.

*Article 5***Obligation to inform**

If the competent authority of the requested Member State in the course of the execution of a request for mutual assistance considers that it may be appropriate to undertake investigations not initially foreseen, or which could not be specified when the request was made, it shall immediately inform the requesting authority accordingly in order to enable it to take further action.

*Article 6***Additional requests for mutual assistance**

1. Where the competent authority of the requesting Member State makes a request for mutual assistance which is additional to an earlier request, it shall not be required to provide information already provided in the initial request. The additional request shall contain information necessary for the purpose of identifying the initial request.
2. Where, in accordance with the provisions in force, the competent authority which has made a request for mutual assistance participates in the execution of the request in the requested Member State, it may, without prejudice to Article 6(3) of the 2000 Mutual Assistance Convention, make an additional request directly to the competent authority of

aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, á meðan dvöl í því ríki stendur.

7. gr.

Bankaleynd.

Aðildarríki skal ekki skírskota til bankaleyndar sem ástæðu til að synja um samvinnu þegar um er að ræða beiðni um gagnkvæma réttaraðstoð frá öðru aðildarríki.

8. gr.

Skattabrot.

1. Ekki má neita um gagnkvæma réttaraðstoð af þeirri ástæðu einni að beiðnin varði afbrot sem aðildarríkið, sem beiðni er beint til, telur vera skattabrot.
2. Ef aðildarríki hefur sett það skilyrði fyrir framkvæmd beiðni um leit og haldlagningu að afbrotið, sem leiðir til beiðinnar, sé einnig refsivert samkvæmt lögum þess skal skilyrðið uppfyllt að því er varðar afbrot, sem um getur í 1. mgr., ef afbrotið svarar til afbrots sama eðlis samkvæmt lögum þess.

Óheimilt er að synja beiðni á þeim grundvelli að lög aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, leggi ekki á sams konar skatta eða gjöld eða að í þeim séu ekki sams konar reglur í sambandi við skatta, gjöld, tolla og gjaldeyrisviðskipti og í lögum aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina.

3. Ákvæði 50. gr. Schengen-framkvæmdar-samningsins falla hér með úr gildi.

9. gr.

Stjórn málaafbrot.

1. Að því er varðar gagnkvæma réttaraðstoð milli aðildarríkja, má aðildarríkið, sem beiðni er beint til, ekki líta á neitt afbrot sem stjórn málaafbrot, afbrot tengt stjórn málaafbroti eða afbrot sem sprottið er af stjórn málaástandum.
2. Sérhverju aðildarríki er frjálst, þegar það sendir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. 13. gr., að lýsa því yfir að það muni aðeins beita 1. mgr. í tengslum við:
 - a) afbrotin sem um getur í 1. og 2. gr. Evrópusamningsins um varnir gegn hryðjuverkum frá 27. janúar 1977, og
 - b) afbrot sem felast í samsæri eða samanteknum ráðum, sem svara til lýsingarinnar á hegðun sem um getur í 4. mgr. 3. gr. samningsins frá 27. september 1996 um

the requested Member State while present in that State.

Article 7

Banking secrecy

A Member State shall not invoke banking secrecy as a reason for refusing any cooperation regarding a request for mutual assistance from another Member State.

Article 8

Fiscal offences

1. Mutual assistance may not be refused solely on the ground that the request concerns an offence which the requested Member State considers a fiscal offence.
2. If a Member State has made the execution of a request for search and seizure dependent on the condition that the offence giving rise to the request is also punishable under its law, this condition shall be fulfilled, with regard to offences referred to in paragraph 1, if the offence corresponds to an offence of the same nature under its law.

The request may not be refused on the ground that the law of the requested Member State does not impose the same kind of tax or duty or does not contain a tax, duty, customs and exchange regulation of the same kind as the law of the requesting Member State.

3. Article 50 of the Schengen Implementation Convention is hereby repealed.

Article 9

Political offences

1. For the purposes of mutual legal assistance between Member States, no offence may be regarded by the requested Member State as a political offence, an offence connected with a political offence or an offence inspired by political motives.
2. Each Member State may, when giving the notification referred to in Article 13(2), declare that it will apply paragraph 1 only in relation to:
 - a) the offences referred to in Articles 1 and 2 of the European Convention on the Suppression of Terrorism of 27 January 1977; and
 - b) offences of conspiracy or association, which correspond to the description of behaviour referred to in Article 3(4) of the Convention of 27 September 1996 relating

framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins, um að fremja eitt eða fleiri af afbrotunum sem um getur í 1. og 2. gr. Evrópusamningsins um varnir gegn hryðjuverkum.

3. Fyrirvarar, sem gerðir eru skv. 13. gr. Evrópusamningsins um varnir gegn hryðjuverkum, skulu ekki gilda um gagnkvæma réttaraðstoð milli aðildarríkja.

10. gr.

Sending synjana til ráðsins og íhlutun Evrópsku réttaraðstoðarinnar (Eurojust).

1. Sé beiðni synjað á grundvelli:
 - b-liðar 2. gr. samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000 eða b-liðar 2. mgr. 22. gr. Benelux-sáttmálans, eða
 - 51. gr. Schengen-framkvæmdarsamningsins eða 5. gr. samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð, eða
 - 5. mgr. 1. gr. eða 4. mgr. 2. gr. þessarar bókunar,
 og aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, heldur fast við hana og ekki finnst lausn á málinu skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, senda rökstudda ákvörðun um að synja beiðninni til ráðsins til upplýsingar og mögulegs mats á tilhöggun réttaraðstoðar milli aðildarríkjanna.
2. Þar til bær yfirvöld aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, geta tilkynnt Evrópsku réttaraðstoðinni, þegar hún hefur verið stofnuð, um hvers konar vandamál, sem upp koma varðandi framkvæmd beiðni í tengslum við ákvæðin sem um getur í 1. mgr., til að ná fram hagkvæmum lausnum í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í gerningnum um stofnun Evrópsku réttaraðstoðarinnar.

11. gr.

Fyrirvarar.

Ekki er unnt að gera aðra fyrirvara við bókun þessa en þá sem kveðið er á um í 2. mgr. 9. gr.

12. gr.

Svæðisbundið gildissvið.

Beiting þessarar bókunar, að því er varðar Gíbraltar, mun taka gildi þegar samningurinn um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000 hefur tekið gildi þar í samræmi við 26. gr. þess samnings.

to extradition between the Member States of the European Union, to commit one or more of the offences referred to in Articles 1 and 2 of the European Convention on the Suppression of Terrorism.

3. Reservations made pursuant to Article 13 of the European Convention on the Suppression of Terrorism shall not apply to mutual legal assistance between Member States.

Article 10

Forwarding refusals to the Council and involvement of Eurojust

1. If a request is refused on the basis of:
 - Article 2(b) of the European Mutual Assistance Convention or Article 22(2)(b) of the Benelux Treaty, or
 - Article 51 of the Schengen Implementation Convention or Article 5 of the European Mutual Assistance Convention, or
 - Article 1(5) or Article 2(4) of this Protocol,

and the requesting Member State maintains its request, and no solution can be found, the reasoned decision to refuse the request shall be forwarded to the Council for information by the requested Member State, for possible evaluation of the functioning of judicial cooperation between Member States.

2. The competent authorities of the requesting Member State may report to Eurojust, once it has been established, any problem encountered concerning the execution of a request in relation to the provisions referred to in paragraph 1 for a possible practical solution in accordance with the provisions laid down in the instrument establishing Eurojust.

Article 11

Reservations

No reservations may be entered in respect of this Protocol, other than those provided for in Article 9(2).

Article 12

Territorial application

The application of this Protocol to Gibraltar will take effect when the 2000 Mutual Assistance Convention has taken effect in Gibraltar, in accordance with Article 26 of that Convention.

13. gr.

Gildistaka.

1. Bókun þessi er háð samþykki aðildarríkjanna í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði þeirra hvers um sig.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópusambandsins um að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt fyrir samþykkt bókunar þessarar.
3. Níutíu dögum eftir að tilkynningin, sem um getur í 2. mgr., berst frá því ríki sem er hið áttunda í röðinni til að uppfylla þá formkröfu, og er jafnframt aðildarríki Evrópusambandsins þegar ráðið samþykkir gerðina um þessa bókun, öðlast bókun þessi gildi í aðildarríkj-unum átta sem hlut eiga að máli. Hafi samningurinn um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000 hins vegar ekki tekið gildi á þeim degi skal bókun þessi öðlast gildi á gildistökudegi þess samnings.
4. Sérhver tilkynning frá aðildarríki, sem berst eftir gildistöku þessarar bókunar skv. 3. mgr., hefur í för með sér að bókun þessi öðlast gildi níutíu dögum eftir slíka tilkynningu milli þess aðildarríkis og þeirra aðildarríkja þar sem bókun þessi hefur þegar öðlast gildi.
5. Áður en bókun þessi öðlast gildi skv. 3. mgr. getur aðildarríki, þegar það sendir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir að það muni beita bókun þessari í samskiptum við aðildarríki sem hafa gefið sams konar yfirlýsingu. Slíkar yfirlýsingar skulu koma til framkvæmda 90 dögum eftir að þær eru afhentar til vörslu.
6. Þrátt fyrir 3. og 5. mgr. skal gildistaka eða beiting þessarar bókunar ekki koma til framkvæmda milli neinna tveggja aðildarríkja fyrr en samningurinn um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000 hefur öðlast gildi eða honum verið beitt milli þessara aðildarríkja.
7. Bókun þessi gildir um gagnkvæma réttaraðstoð sem hafin er eftir gildistökudag hennar eða eftir að henni hefur verið beitt skv. 5. mgr. milli hlutaðeigandi aðildarríkja.

14. gr.

Ríki sem gerast aðilar.

1. Hverju ríki, sem gerist aðili að Evrópusambandinu og að samningnum um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000, er heimilt að gerast aðili að bókun þessari.
2. Ráð Evrópusambandsins gerir texta bókunar

Article 13

Entry into force

1. This Protocol shall be subject to adoption by the Member States in accordance with their respective constitutional requirements.
2. Member States shall notify the Secretary-General of the Council of the European Union of the completion of the constitutional procedures for the adoption of this Protocol.
3. This Protocol shall enter into force in the eight Member States concerned 90 days after the notification referred to in paragraph 2 by the State, member of the European Union at the time of adoption by the Council of the Act establishing this Protocol, which is the eighth to complete that formality. If, however, the 2000 Mutual Assistance Convention has not entered into force on that date, this Protocol shall enter into force on the date on which that Convention enters into force.
4. Any notification by a Member State subsequent to the entry into force of this Protocol under paragraph 3 shall have the effect that, 90 days after such notification, this Protocol shall enter into force as between that Member State and those Member States for which this Protocol has already entered into force.
5. Before the entry into force of this Protocol pursuant to paragraph 3, any Member State may, when giving the notification referred to in paragraph 2 or at any time thereafter, declare that it will apply this Protocol in its relations with Member States which have made the same declaration. Such declarations shall take effect 90 days after the date of deposit thereof.
6. Notwithstanding paragraphs 3 to 5, the entry into force or application of this Protocol shall not take effect in relations between any two Member States before the entry into force or application of the 2000 Mutual Assistance Convention between these Member States.
7. This Protocol shall apply to mutual assistance initiated after the date on which it enters into force, or is applied pursuant to paragraph 5, between the Member States concerned.

Article 14

Acceding States

1. This Protocol shall be open to accession by any State which becomes a member of the European Union and which accedes to the 2000 Mutual Assistance Convention.
2. The text of this Protocol in the language of

þessarar á tungumáli ríkisins sem gerist aðili að samningnum og er hann jafngildur öðrum textum.

3. Aðildarskjölin skulu afhent vörsluaðila til vörslu.
4. Bókun þessi öðlast gildi, að því er varðar hvert ríki sem gerist aðili að henni, 90 dögum eftir að það hefur afhent aðildarskjöl sín til vörslu eða þann dag sem bókun þessi öðlast gildi ef hún hefur ekki þegar öðlast gildi þegar 90 daga tímabilinu lýkur.
5. Ef bókun þessi hefur ekki enn öðlast gildi þegar þau aðildarríki, sem gerast aðilar, afhenda aðildarskjöl sín til vörslu gildir 5. mgr. 13. gr. um þau ríki.
6. Þrátt fyrir 4. og 5. mgr. skal gildistaka eða beiting þessarar bókunar ekki koma til framkvæmda, að því er varðar ríkið sem gerist aðili, fyrr en samningurinn um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000 hefur öðlast gildi eða honum verið beitt gagnvart því ríki.

15. gr.

Staða Íslands og Noregs.

Í 8. gr. felast ráðstafanir sem breyta eða byggjast á ákvæðunum sem um getur í viðauka A við samninginn sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna⁷ (hér á eftir nefndur „samstarfssamningurinn“).

16. gr.

Gildistaka að því er Ísland og Noreg varðar.

1. Með fyrirvara um 8. gr. samstarfssamningsins öðlast ákvæðið, sem um getur í 15. gr., gildi, að því er Ísland og Noreg varðar, 90 dögum eftir að ráðið og framkvæmdastjórnin fá upplýsingar skv. 2. mgr. 8. gr. samstarfssamningsins um að Ísland og Noregur hafi uppfyllt stjórnskipuleg skilyrði í gagnkvæmum samskiptum við öll aðildarríki þar sem bókun þessi hefur þegar öðlast gildi skv. 3. eða 4. mgr. 13. gr.
2. Gildistaka bókunar þessarar, að því er varðar aðildarríki, eftir þann dag sem ákvæðið, sem um getur í 15. gr., öðlast gildi að því er Ísland og Noreg varðar, hefur í för með sér að

the acceding State, drawn up by the Council of the European Union, shall be authentic.

3. The instruments of accession shall be deposited with the depositary.
4. This Protocol shall enter into force with respect to any State which accedes to it 90 days after the deposit of its instrument of accession or on the date of entry into force of this Protocol if it has not already entered into force at the time of expiry of the said period of 90 days.
5. Where this Protocol is not yet in force at the time of the deposit of their instrument of accession, Article 13(5) shall apply to acceding Member States.
6. Notwithstanding paragraphs 4 and 5, the entry into force or application of this Protocol with respect to the acceding State shall not take effect before the entry into force or application of the 2000 Mutual Assistance Convention with respect to that State.

Article 15

Position of Iceland and Norway

Article 8 shall constitute measures amending or based upon the provisions referred to in Annex A to the Agreement concluded by the Council of the European Union with the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the latter's association with the implementation, application and development of the Schengen acquis⁷ (hereinafter referred to as the "Association Agreement").

Article 16

Entry into force for Iceland and Norway

1. Without prejudice to Article 8 of the Association Agreement, the provision referred to in Article 15 shall enter into force for Iceland and Norway 90 days after the receipt by the Council and the Commission of the information pursuant to Article 8(2) of the Association Agreement upon fulfilment of their constitutional requirements, in their mutual relations with any Member State for which this Protocol has already entered into force pursuant to Article 13(3) or (4).
2. Any entry into force of this Protocol for a Member State after the date of entry into force of the provision referred to in Article 15 for Iceland and Norway, shall render that

⁷ Stjfrð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

⁷ OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.

ákvæði þetta öðlast einnig gildi að því er varðar gagnkvæm samskipti þess aðildarríkis og Íslands og Noregs.

3. Ákvæðin, sem um getur í 15. gr., verða í engu tilviki bindandi á Íslandi og í Noregi fyrir þann dag sem ákvæðin, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000, öðlast gildi að því er varðar þessi tvö ríki.
4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. hér að framan öðlast ákvæðið, sem um getur í 15. gr., gildi, að því er Ísland og Noreg varðar, eigi síðar en þann dag sem bókun þessi öðlast gildi að því er varðar fimmtánda ríkið sem er aðildarríki Evrópusambandsins þegar ráð þess samþykkir gerðina um að koma bókun þessari á.

17. gr. Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins skal vera vörsluaðili bókunar þessarar.

Vörsluaðilinn skal birta í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna upplýsingar um framgang samþykktu og aðildar, yfirlýsingar og allar aðrar tilkynningar sem varða bókun þessa.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Lúxemborg 16. október 2001 í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, írsku, ítölsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og eru allir textarnir jafngildir en frumritið verður afhent til vörslu í skjalasafni aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins. Aðalframkvæmdastjórinn lætur hverju aðildarríki um sig í té staðfest endurrit.

provision also applicable in the mutual relations between that Member State and Iceland and Norway.

3. The provision referred to in Article 15 shall in any event not become binding on Iceland and Norway before the entry into force of the provisions referred to in Article 2(1) of the 2000 Mutual Assistance Convention with respect to those two States.
4. Without prejudice to paragraphs 1, 2 and 3, the provision referred to in Article 15 shall enter into force for Iceland and Norway not later than on the date of entry into force of this Protocol for the fifteenth State, being a member of the European Union at the time of the adoption by the Council of the Act establishing this Protocol.

Article 17 Depositary

The Secretary-General of the Council of the European Union shall act as depositary of this Protocol.

The depositary shall publish in the Official Journal of the European Communities information on the progress of adoptions and accessions, declarations and also any other notification concerning this Protocol.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned plenipotentiaries have hereunto set their hands.

Done at Luxembourg, on 16 October 2001 in a single original in the Danish, Dutch, English, Finnish, French, German, Greek, Irish, Italian, Portuguese, Spanish and Swedish languages, each text being equally authentic, the original being deposited in the archives of the General Secretariat of the Council of the European Union. The Secretary-General shall forward a certified copy thereof to each Member State.